

Stillingar í Sögu - vefbókanir lækna

Til þess að einstaklingur geti bókað tíma í gegnum Veru (www.heilsuvera.is) þarf að stilla Sögu á eftirfarandi hátt:

- Persónuupplýsingar.** Til þess að einstaklingur geti bókað tíma í gegnum Veru þá **verður** heilsugæslustöð að vera skilgreind í Persónuupplýsingum. Ef „**Heilsugæslustöð**“ sést ekki í „Persónuupplýsingar“ þá þarf að virkja stilligildi 1188. Val er um að skrá **heimilislækni** eins og áður hefur verið hægt. „Heimilislækni“ er sóttur úr læknskrá Sögu. Ef hann finnst ekki í læknskranni þarf að bæta honum við. **Ekki er mælt með því að einstaklingur sé skráður með heimilislækni sem ekki er til því sú skráning sést í Veru.** Ef einstaklingur er með skráðan heimilislækni á sig fær hann fyrst val um tíma hjá sínum heimilislækni í Veru, en aðrir læknar á sömu heilsugæslustöð, sem leyfa vefbókanir fyrir alla, birtast líka sem valmöguleikar á tímum fyrir neðan heimilislækinn. Ef enginn heimilislækni er skráður á einstakling þá birtast allir læknar á sömu heilsugæslustöð, sem leyfa vefbókanir fyrir alla.

Persónuupplýsingar

Almennt Athugasemdir

Persónuupplýsingar

Kennitala 3012713959 Kyn Kvk Kk

Nafn Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir

Fæðingardagur 30.12.1971 Dánarstund

Fjölskyldunúmer Fjölskyldunr. í þjóðskrá 2012655849

Gæluafn Ríkisfang Ísland

Nánasti aðstandandi Jóna Jónsdóttir, vinkona, GSM: 898767

Heimilislækni Breytingasaga

Heilsugæslustöð Breytingasaga

Heimilisfang og símanúmer

Heimilisfang Séstvallagata 1

Póstsvæði Reykjavík Póstnúmer 101 Land

Sveitarfélag Reykjavíkurborg

Áðsetur

Póstsvæði Póstnúmer Land

Heimasími 5567890 Farsími 8876543

Vinnusími Netfang

Upplýsingar um skráningu

Almennt Skráning Hjúskaparstaða Breytt af Annað

Gjaldflokkur Almennur Möppunúmer

Afsláttarkort Gildistími

Sjúkrab. afsl.kort Gildistími

Örorkumat (%) Tímabundin örorka endar

Qfnæmi - aðvaranir Áástandendur Breytingasaga Tryggingaleg staða Vista Hætta við

Athugið: Varðandi stillingu á heilsugæslustöð þá þarf að senda TM Software lista yfir þau pósthúsnúmer sem eru í þjónustu hjá stofnun og hvaða heilsugæslustöð liggur að baki hvers pósthúsnúmers. TM Software skoðar pósthúsnúmer fólks í persónuupplýsingum og setur rétta heilsugæslustöð inn eftir því.

2. **Umsjón - Kerfisumsjón – Stofnanir - deild.** Til að geta valið heilsugæslustöð í „Persónuupplýsingar“ (sjá hér fyrir ofan) þá þarf að skilgreina hér í „Tegund deildar“ hvort deildin sé „Heilsugæsludeild“. Ef deildarheimilisfang er annað en skilgreint er á stofnun þá þarf að setja inn Heimilisfang, póstnúmer og sveitarfélag í dálkinn „Heimilisfang“. Athugið að: heimilisfang sem skráð er á deild yfirtekur það heimilisfang sem skráð er á stofnun í Veru (nr. 3 hér fyrir neðan).

3. **Umsjón – Kerfisumsjón – Stofnanir - stofnun.** Mikilvægt er að fylla út upplýsingar um stofnun. Til þess að upplýsingar birtist rétt í Veru þarf að setja inn:
- Heimilisfang
 - Heimilisfang 2 (ef við á)
 - Hreinsa út „Sveitarfélag“ ef nafn á sveitarfélagi er lengra en 10 stafir.
 - Hafa einungis „Póstnúmer“ skráð.

4. **Umsjón – Stillingar – Aðföng.** Hakað er í „Vefbókanlegt“ á þeim læknum sem leyfa vefbókanir. Það verður einnig að velja úr fellistandanum: „Afgreiðsludeild vefbókana“ og er valin sú afgreiðsludeild sem læknir vinnur oftast á. „Heiti“ á aðfangi er sá texti sem birtist á heimasvæði heilsuvera.is þegar einstaklingur skoðar tímabókanir sínar og þarf því að gæta að framsetningu á því. **Í Sögu 3.1.40 er hægt að bóka á aðrar fagstéttir en lækna og á staðsetningardeildir.** Athugið að tímalengd á aðfangi þarf að vera sú sama og tímalengd á formi tímabókunar til þess að vefbókanir virki.

Svona birtist „Heiti“ á aðfangi í heilsuvera.is þegar einstaklingur á bókaðan tíma:

5. **Umsjón – Stillingar – Form tímabókunar.** Hakað er í þau form tímabókunar sem eiga að vera vefbókanleg. „Heiti“ á formi tímabókunar er sá texti sem birtist sem „Tegund“ tímabókunar þegar einstaklingur skoðar tímabókanir sínar á heilsuvera.is og þarf því að gæta að framsetningu á því. Einnig þarf að ákveða hvort haka eigi í „Fela í Veru“ á tilteknu formi (hægt í Sögu 3.1.38). Ef það er gert þá sjást tímabókanir sem gerðar eru á kennitölu einstaklings ekki á vefnum heilsuvera.is

Svona birtist „Heiti“ á formi tímabókunar á heilsuvera.is þegar einstaklingur á bókaðan tíma:

Tímabókun

Föstudagur 16. október kl. 12:00

Almennar lyflækningar
Suðurvegi 3

Tími hjá: Vera Heilsudóttir
Tegund: Viðtal
Tímalengd: 30 mínútur

Afpanta

6. Afgreiðsla – Uppsetning – Áætlanir – Ný... eða Skoða / Breyta...

Saga 3.1 [gsj37 hc-vm15-2008:9092:Almennar lyflækningar]

Saga Afgreiðsla Finna Prenta Uppsetning

Prentarar

Áætlanir

Kvittanir / Stafasett...

Deild... Ctrl+I

Ný... Ctrl+F8

Skoða / Breyta... Shift+F8

Hvort sem valið er að gera nýja áætlun eða breyta fyrri áætlun þá þarf að skilgreina vefbókun nánar.

Í fellilistanum eru möguleikarnir: „Ekki vefbókanlegt“ – „Vefbókanlegt fyrir skilgreindan hóp“ – „Vefbókanlegt fyrir alla á deild“ og „Vefbókanlegt fyrir alla“.

Áætlun fyrir Guðrún S. Jóhannesdóttir

Almennt

Form tímabókunar: Viðtal 15 mín

Skýringartexti

Tímabil: 24.09.2014 til 24.09.2015

Klukkan: 08:00 til 12:00

Bókun leyfileg: Má bóka

Áætlunin tekur til helgidaga

Almörkun

Gildir alla daga á tímabilinu

Fastur mánaðardagur: 10

Fastur vikudagur eða vika: Föstudagur, Allar vikur í mánuði

Vefbókanir

Vefbókanlegt: Vefbókanlegt fyrir alla á deild

Deild: NH41.B1-00 Heilsugæsla - Sýnir lóð

Vista Hætta við

- Ekki vefbókanlegt** – Ef þetta er valið þá merkt þessi áætlun ekki vefbókanleg og birtist ekki í vefbókunum í Veru. Ef hakað er í vefbókun í aðfangi og/eða formi tímabókunar í stillingar einingunni og hér er merkt við „Ekki vefbókanlegt“ þá er ekki hægt að bóka vefbókanir í þessa ákveðnu áætlun.
- Vefbókanlegt fyrir skilgreindan hóp** – Ef viðkomandi aðfang er læknir þá fá aðeins einstaklingar sem eru með þann lækni skráðan sem heimilislækni leyfi til þess að bóka tíma hjá honum.

- c. **Vefbókanlegt fyrir alla á deild** – Ef þetta er valið geta allir sem eru með skilgreinda heilsugæslustöð á sér, bókað tíma hjá þessu aðfangi, á þessu formi tímabókunar í gegnum vefinn. En skilgreind heilsugæslustöð verður að vera sú sama í „Persónuupplýsingar“ og er í „Deild“, sjá útskýringu hér fyrir neðan.

Ef **ekki** er hakað í vefbókun í aðfangi og/eða formi tímabókunar en í áætlun er „Vefbókanlegt fyrir alla á deild“ eða „Vefbókanlegt fyrir skilgreindan hóp“ þá birtist ekki vefbókun í Veru. Það þarf að vera hakað í vefbókun alls staðar til þess að hægt sé að framkvæma vefbókun.

Deild. Í fellilistanum er valin innskráningardeild (heilsugæsludeild) sem lækni er að vinna á í þessari áætlun. Það er mjög mikilvægt að velja rétta deild hér. Þessi deild verður að vera sú sama og heilsugæsludeild sem er skráð í „Persónuupplýsingar“ hjá einstaklingi. Athugið að ef þetta svæði er tomt getur enginn bókað á þetta aðfang í gegnum Veru.

Deild
NH41 B1-00 Heilsugæsla - Sýnir loti
Læknavakt vitjanir
Læknavaktin Smáratorgi
Mýngreining Gullu
NH41 B1-00 Heilsugæsla - Sýnir ekk
NH41 B1-00 Heilsugæsla - Sýnir loti
NH41 B1-00 Heimahjúkrun - sýnir ek
NH41 B1-00 Heimahjúkrun - sýnir lot
NH41 B1-01 Legudeild
NH41 B1-02 Legudeild
NH41 B1-03 Legu- og slysadeild

Athugið að stillgildi **1189** stjórna því hversu margar vikur fram í tímann má bóka tíma í gegnum Veru.

- d. **Vefbókanlegt fyrir alla** (Saga 3.1.40) – Ef þetta er valið er áætlunin vefbókanleg fyrir alla óháð stofnun og sjúklingi. **Athugið** að núverandi útgáfa af Veru styður þetta ekki ennþá en þessi valmöguleiki er til staðar í Sögu og er ekki mælt til þess að kerfisstjórar velji þennan valmöguleika enn sem komið er.
7. **Samskiptaform í Eyðublaðaeiningu.** Til þess að samskiptaform birtist sjálfkrafa sem „Vera Rafræn samskipti“ í eyðublaðaeiningunni þarf að stilla það sérstaklega í Sögu. Þegar stofnun er tilbúin að fara í loftið þá þarf að hafa samband við TM Software og biðja þjónustuna um að stilla inn sniðmát fyrir Veru samskiptin. Einnig þarf að virkja nokkrar Heklu þjónustur. TM Software sér einnig um það.
8. **Aðeins einn tími í einu.** Ef einstaklingur er bókaður í tíma á heilsugæslu þá eru ekki aðrir tímar í boði þegar einstaklingurinn skráir sig inn á vefinn heilsuvera.is.
9. **Stilligildi 3029** stýrir því hver tímaramminn er sem veldur því að vef-afbókanir birtist í Sögu sem „Mætti ekki“ og þegar músin er sett yfir tímabókunina sem er merkt „Mætti ekki“ þá sést að þetta er afbókun í gegnum vef. Þetta er einnig rekjanlegt í töflum í Sögu, þ.e. hvaða tímabókanir eru afbókaðar í gegnum Veru.